

## Úrskurður nr. 18/2004.

**Kærð er niðurstaða tollstjórans í Reykjavík um tollflokkun á nokkrum gerðum af heilsumixtúrum er birt var í tveimur „Bindandi álitum um tollflokkun vöru.“ Tollstjórinn í Reykjavík gerði kröfu um breytta tollflokkun á nokkrum vörutegundum í hinum kærðu álitum. Ríkistollanefnd fellst á kröfur tollstjóra og felldi hin kærðu álit úr gildi.**

Tollalög nr. 55/1987: 101.gr. 142. gr.

Með bréfi, dags. 7. desember 2004, sem barst nefndinni þann 13. desember 2004 kærir I, tollflokkun tollstjóra á “Noni safe, Fjallagrasa mixtúru, Futura járnmixtúru, Futura trönuberjamixtúru og Samarin skammtadufti. Fyrirtækið óskaði eftir Bindandi upplýsingum um tollflokkun vörunnar hjá tollstjóra. Í svari tollstjórans sem fram kom í “Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru nr. 0400055 og 0400059 bæði dagsett 30. nóvember 2004 tollflokkar tollstjóri vörunnar sem hér segir: Noni safe í tnr. 2106.9039, Fjallagrasa mixtúru í tnr. 2202.9095, Futura járnmixtúru í tnr. 2202.9096 og Futura trönuberjamixtúru í tnr. 2202.9096. Samarin skammtaduft kemur ekki fram í nefndum álitum. Kærandi fer fram á að nefndar vörur fái sams konar tollmeðferð og lýsi sem ber 14% virðisaukaskatt.

Í kröfum kæranda segir að í hinum kærðu álitum tollstjóra séu fljótandi vítamín og fljótandi fæðubótarefni úr jurtum flokkuð í tollflokka sem beri 24,5% virðisaukaskatt á meðan lýsi sé flokkað í tollflokk sem ber aðeins 14% virðisaukaskatt. Þá telur kærandi að Samarin skammtaduft skuli flokkað í sama tollflokk og Metamucil sem flokkað er í tnr. 2106.9069 og ber 14% virðisaukaskatt en bæði efnin séu hrærð út í vatn og drukkin.

Ríkistollanefnd sendi kærana til umsagnar til tollstjórans í Reykjavík með bréfi, dags. 13. desember 2004. Embættinu var veittur viðbótarfrestur til gagnaöflunar og í svari sem barst nefndinni þann 7. mars 2005 segir m.a. að með kærinni sé kærð tollflokkun nánar greindra fimm vörutegunda. Tollstjóri óskaði sýnishorna af vörunum frá innflytjanda og síðar, í ljósi ófullnægjandi innihaldslýsinga á umbúðum og vefsvæði framleiðenda, eftir upplýsingum um nánari innihaldssamsetningu varanna. Þegar greinargerð tollstjóra er rituð hafa upplýsingar borist um tollflokkun en ekki um efnislega samsetningu að öðru leyti, og er eftirfarandi kröfugerð sett fram með því fororði að þær upplýsingar, þegar og ef þær berast, breyti ekki forsendum þeim sem tollstjóri setur fyrir flokkuninni.

Þær vörur sem hér eru kærðar eru: Noni safi, Noni Juice (Morinda Citrifolia) reconstituted Liquid Dietary Supplement, í 946 ml hvítum plastbrúsa. Innihald: Endurgerður Hawaiian Noni (Morinda Citrifolia) ávaxtasafi með náttúrulegu ávaxtamauki og ávaxtabykkni, kalíumsorbat. Enginn viðbættur sykur eða gervi litarefni. Mælt er með að safans sé neytt á tóman maga, tvær matskeiðar daglega (um 30 ml). Á umbúðum er jurtin sögð vera einstök, notuð í aldir við verkjum, hreyfanleika liða, bólgum og fleira. Jafnframt segir að varan sé ekki ætluð til greiningar, meðferðar, lækningar eða til að koma í veg fyrir sjúkdóma. Ákvörðun tollstjóra um tollflokkun nr. 0400059, í tnr. 2106.9039.

Fjallagrasa hálmixtúra með lakkrís í 200 ml glerflösku. Innihald: Vatn, maltítólsýróp, glúkósasýróp, fjallagrasabykkni, lakkrískjarni, ammóníumklóríð, mentól og eucalyptus. Á umbúðum er gefið til kynna að mixtúran mýki særindi í hálsi og dragi úr ertingu og þurrum hósta. Mælt er með 1 matskeið (10 ml), 3-5 sinnum á dag handa fullorðnum. Ákvörðun tollstjóra um tollflokkun nr. 0400059, í tnr. 2202.9095.

Futura járnmixtúra í 250 ml litaðri plastflösku. Innihald: Vatn, sykur, sólberjabykkni, sýra (askorbinsýra og eplasýra), rotvarnarefni (kalíumsorbat), steinefni (járnglúkónat). Á umbúðum er bent á að mixtúran hafi þægilegt bragð af sólberjasafa og að hægt sé að blanda hana vatni eða safe finnst mönnum bragðið of sterkt. Mixtúran er án tilbúinna sætuefna, litar, bragðefna eða laktósa. Mælt er með 10 ml (einni barnaskeið) daglega fyrir fullorðna og börn eldri en 11

ára. 5 ml fyrir börn og 15 ml fyrir ófrískar konur, en þó aðeins í samráði við lækni. Ákvörðun tollstjóra um tollflokkun nr. 0400055, í tnr. 2202.9096.

Futura trönuberjamixtúra (saft) í 250 ml litaðri plastflösku. Innihald: Vatn, sykur, trönuberjabykkni, sólberjasafi, rotvarnarefni (kalíumsorbat). Á umbúðum kemur fram að vörunnar er neytt sem bragðgóðrar mixtúru. Dagskammturinn er ein matskeið (15ml) tvisvar á dag og samsvarar það 900 ml af venjulegum þynntum trönuberjasafa. Hægt er að blanda mixtúruna vatni og hún er án tilbúinna sætuefna, litar, bragðefna eða laktósa. Ákvörðun tollstjóra um tollflokun nr. 0400055, í tnr. 2202.9096.

Samarin skammtaduft. Innihald: Natríumvetniskarbónat, vínsýra, sítrónusýra, natríumkarbónat, kalíumnatríumtartrat, kísill kekkjavarnarefni. Á umbúðum kemur fram að um sé að ræða sýrustemmandi freyðiduft sem virkar þannig að þegar duftið er leyst upp í vatni losnar kolsýra og drykkurinn inniheldur sýrustemmandi natríum- og kalíumsölt sem virka stemmandi á magasýrurnar. Upplýsingar um tollflokun með tölvupósti, tnr. 2106.9039.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að Ísland sé aðili að alþjóðlegum samningi um samræmda vörulýsingar- og vöruheitaskrá, samræmd tollskrá. Alþjóðatollastofnunin (World Customs Organization (WCO)) hefur umsjón með samningnum og framkvæmd hans og hefur í því skyni m.a. gefið út skýringarbækur um túlkun hans (Explanatory Notes) og ákvarðað tollflokun vöru þegar ágreiningur er milli aðildarríkjanna. Samningurinn um samræmdu tollskrána var undirritaður fyrir Íslands hönd hinn 10. janúar 1985, sbr. auglýsingu nr. 25/1987 í C-deild Stjórnartíðinda. Með lögum nr. 96/1987, um breyting á tollalögum nr. 55/1987, voru tollflokunarreglur samræmdu skrárinnar teknar í notkun hér á landi við tollafgreiðslu á vörum 1. janúar 1988, en tollskráin og túlkunarreglur hennar er birt sem viðauki I við lög.

Við flokkun vöru í tollskrá ber að fara eftir túlkunarreglum hennar og þá fyrst og fremst þeirri fyrstu sem hljóðar svo: „Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka og kafla og brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:”.

Um það hvaða ákvarðanir eru kærnanlegar til ríkistollanefndar fer skv. 1. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, en hún hljóðar svo með breytingum skv. 16. gr. laga nr. 155/2000; *Innflytjandi getur skotið úrskurði tollstjóra um endurákvörðun skv. 99. gr., úrskurði tollstjóra skv. 100. gr., þó ekki úrskurði sem kærnanlegur er til ráðherra skv. 102. gr., og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga, talið frá póstlagningu úrskurðar eða ákvörðunar.* Af ofangreindu sést, segir tollstjóri, að almennar upplýsingar um tollflokun sem gefnar eru með öðrum hætti en bindandi ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum séu ekki kærnanlegar til ríkistollanefndar.

Upplýsingar um tollflokun á Samarin skammtadufti sem gefnar voru með tölvupósti eru ekki kærnanlegar til ríkistollanefndar. Innflytjandi hefði annað hvort getað óskað bindandi ákvörðunar tollstjóra, sbr. ofanskráð, eða flutt vöruna til landsins og óskað úrskurðar tollstjóra um tollflokun við innflutninginn. Þær ákvarðanir hefðu verið kærnanlegar til ríkistollanefndar.

Tollstjóri segir í greinargerð sinni að nokkrir vöruliðir geti komið til álita við flokkun á þeim vörum sem hér um ræðir en þær séu allar vökvi sem ætlaður sé til inntöku. Umbúðir þriggja þessara vökva tiltaka að um sé að ræða fæðubótarefni (d. kosttilskud, e. dietary supplement) og eru þeir allir búnir til úr ávaxtasafa. Mælt er með að taka inn eina til tvær matskeiðar daglega. Fjórða varan inniheldur m.a. fjallagrasabykkni auk vatns, síróps og bragðefna og er á umbúðum sögð „mýkja særindi í hálsi og draga úr ertingu og þurrum hósta“.

Þeir vöruliðir sem til álita geta komið við flokkun á svona vörum eru að mati tollstjóra: Vöruliður 2009. „Ávaxtasafi (þar með talið þrúgubýkkni) og matjurtasafi, ógerjaður og án viðbættis áfengis, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni“, en ávaxta- og matjurtasafinn sem flokkast í þennan vörulið má innihalda viðbættan sykur eða sætuefni, og hann getur verið vatnsneyddur, þ.e. þykkni. Jafnframt flokkast í vöruliðinn safi sem hefur verið endurgerður úr þykkni svo lengi sem íblöndun vatns fer ekki fram úr því sem nauðsynlegt er til þess að endurheimta styrk upprunalega safans. Hafi vatni verið bætt í safi eða þykkni í meira mæli er um að ræða þynnta vöru sem venjulega hefur einkenni drykkjarvöru í vörulið 2202. Svo lengi sem safinn í þessum vörulið heldur einkennum sínum má bæta í hann efnun til rotvarnar eða til varnar gerjun. Safinn má vera blanda tveggja eða fleiri gerða.

Vöruliður 2106. „Matvæli, ót.a.“. Til þess að flokkast í vörulið 2106 þyrfti vökvinn að innihalda eitthvað annað en ávaxta- eða matjurtasafa eða vera safi blandaður umfram það sem heimilt er í vörulið 2009, jafnframt því sem ekki mætti vera um að ræða tilbúna vöru til drykkjar, í vörulið 2202, né heldur vörur tilreiddar sem lyf, vöruliðir 3003 eða 3004. Þar flokkast því t.d.

vara úr ýmsum fæðuefnum sem ætlað er að blanda frekar áður en hennar er neytt sem drykkjar.

Vöruliður 2202. „Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óafengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009“. Vöruliðurinn tekur til vökva sem er tilbúinn til drykkjar, þó ekki þeirra safu sem flokkast í vörulið 2009. Hann tekur þó til ávaxta- eða matjurtasafu sem blandaður er umfram það sem heimilt er í vörulið 2009, t.d. þynntur með vatni eða blandaður öðrum efnum þannig að eðlileg efnahlutföll upprunalega safans raskist. Tollstjóri vísar til skýringar við vörulið 2202 í skýringarriti Alþjóðatollastofnunarinnar.

Að síðustu telur tollstjóri að vöruliður 3004 komi til álita „Lyf (þó ekki vörur í nr. 3002, 3005 eða 3006) gerð úr blönduðum eða óblönduðum vörum til lækninga eða varnar gegn sjúkdómum, í afmældum skömmtum (þar með talið í formi fyrir gegnflæði um húð), formuð eða í umbúðum til smásölu“. Í vörulið 3004 flokkast m.a. vörur tilreiddar sem lyf í umbúðum til smásölu, þ.e. vörur sem eru sérstaklega ætlaðar til lækninga eða varnar gegn sjúkdómum.

Um Noni safu segir í greinargerð tollstjóra að leitað hafi verið upplýsinga um þessa vöru og aðrar svipaðar. Ekki fundust óyggjandi upplýsingar um nákvæmlega þessa tilteknu framleiðsluvöru en upplýsingar um aðrar svipaðar og sambærilegar vörur, leiddu í ljós að hefðbundin aðferð við vinnslu á Noni safu, sem sé unninn úr ávexti jurtarinnar *Morinda citrifolia*, sé sú að ávöxturinn er tindur áður en hann verður fullþroska og látinn þroskast í sólarljósi, þá sé hann kraminn og vökvinn síður frá. Safinn er sagður bragðvondur og er hann því oftast blandaður öðrum ávaxtasafu eða efnum til bragðbætis. Þegar þessi tiltekni safi er skoðaður betur, og í ljósi þess sem að ofan er ritað, verður að telja að Noni safi í hvítum plastbrúsa sem á umbúðum er sagður endurgerður Hawaiian Noni (*Morinda Citrifolia*) ávaxtasafi með náttúrulegu ávaxtamauki og ávaxtaþykknri, kalíumsorbati og innihaldi engan viðbættan sykri eða gervi litarefni, geti talist til vöruliðar 2009. Ekkert bendir til þess að safinn hafi verið þynntur umfram það sem nauðsynlegt sé til þess að ná upprunalegum styrk eða sé blandaður öðrum efnum sem myndu setja hlutföll safans úr skorðum. Jafnframt komi hvergi fram á umbúðum að neinum öðrum safu sé þar bætt við. Með tölvupósti til kæranda gefi fyrirtækið Matrixhealth upp tollskrárnúmer vörunnar sem annað hvort 2009.90.4000 eða 2009.80.0000. Tollyfirvöld í Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum hafa ákvarðað tollflokkan á sams konar vörum í vörulið 2009.

Um Fjallagrasa hálsmixtúru segir í greinargerðinni að engar frekari upplýsingar sé að finna um þessa vöru aðrar en þær upplýsingar sem fram koma á umbúðum og í hinni kærðu ákvörðun tollstjóra. Varan sé blanda efna sem flokkast víða í tollskrá. Vatn vöruliður 2202, maltitólísíróp vöruliður 2940, glúkósasíróp vöruliður 1702, fjallagrasaþykknri og lakkriskjarni vöruliður 1302, ammóníumklóríð vöruliður 2827, mentól vöruliður 2906 og eucalyptus vöruliður 3301. Hvergi komi fram að varan lækni sjúkdóma eða komi í veg fyrir þá, einungis sé tekið fram að mixtúran; „Mýkir særindi í hálsi. Dregur úr ertingu og þurrum hósta.“ Hér sé ekki um að ræða ávaxta- eða matjurtasafu í vörulið 2009. Ekki heldur lyf eða vörur til lækninga sem flokkast í vörulið 3004. Þó að bæði mentól og eucalyptus hafi lækningagildi í stórum skömmtum eru þau hér einungis sem bragðefni.

Alþjóðatollastofnunin hefur tekið fyrir og ákvarðað tollflokkan í vörulið 2106 á sambærilegri vöru á fundi í október 2004. Þar var um að ræða síróp við öndunarfæra-kvefi og slími í berkjum. Innihaldið er vatnslausn með 1,8% alkóhólinnihaldi, hunangi, plöntutinktúru, glúkósasýrópi, einsykrusírópi, náttúrulegu kirsberjabragðefni, rósaolíu, natríumbensónati og hreinsuðu vatni. Einnig fylgir hjálagn eitt dæmi um ákvörðun bandarískra tollyfirvalda á sambærilegri vöru í vörulið 2106.

Um Futura járnmixtúru segir í greinargerðinni að varan innihaldi viðbætt járn (járnglúkónat) sem er 1,6 mg í hverjum ml og sé ákaflega sterkt járnbragð af safanum. Með þessari viðbót sé eðlilegu efnahlutfalli safans mikið raskað og hafi hann við það glatað upprunalegum einkennum sínum. Hann geti því ekki lengur talist til vöruliðar 2009. Því vaknar sú spurning hjá tollstjóra hvort varan beri einkenni tilbúinna drykkjarvara í vörulið 2202, lyfja í vörulið 3004 eða hvort um er að ræða aðra matvöru í vörulið 2106. Þá segir í greinargerðinni að Alþjóðatollastofnunin hafi ákveðið tollflokkan á vöru sem notuð er í svipuðum tilgangi og í svipuðum skömmtum. Þar er m.a. um að ræða Aloa Vera drinking gel- pure í eins lítra umbúðum sem notað sé sem heilsudrykkur m.a. til að byggja mótstöðu gegn kvefi og flensu. Mælt er með inntöku 25 – 50 ml daglega. Stofnunin ákvað að svona vökvar sem ekki séu ætlaðir til lækninga og blandaðir umfram það sem heimilt er í vörulið 1302, jurtasafar eða kjarnar, eða í vörulið 2009, ávaxta- og grænmetissafar, bæru öll einkenni drykkjarvara og skyldi því flokka í vörulið 2202.

Tollstjóra hefur ekki tekist að afla frekari upplýsinga um Futura trönuberjamixtúruna aðrar en þær sem fram koma á umbúðum hennar og í hinni kærðu ákvörðun tollstjóra. Innihald er sagt vera vatn, sykur, trönuberjapykkni, sólberjasafi, rotvarnarefni (kalíumsorbat). Um er að ræða blöndu af ávaxtaþykki og ávaxtasafa með vatni, sykri og rotvarnarefni. Engum öðrum efnum virðist hafa verið bætt í vöruna. Varan er þykk og sætur vökvi og það bendir til þess að vatn sem bætt hefur verið í þykki sé ekki umfram það hlutfall sem var í upprunalega ávaxtasafanum. Tollstjóri telur því að vörunni sé best lýst með orðalagi vöruliðar 2009 og ætti því að flokkast í tnr. 2009.9025, sem safablöndur í lituðum plastumbúðum.

Um Samarin skammtaduft segir í greinargerð tollstjóra að um sé að ræða duft sem er blanda ýmissa efna sem flokkast víða í tollskránni. Ætlast er til að duftið sé leyst upp í vatni og þannig búinn til drykkur sem á að stemma magasýrur þegar hans er neytt. Tollstjóri telur að vörunni sé best lýst í vörulið 2106 „ Matvæli, ót. a. “ undirliðum –efni til framleiðslu á drykkjarvörum og þá í tnr. 2109.9025. með vísan í almennar túlkunarreglur tollskrár.

Tollstjóri krefst þess á grundvelli 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár að vörurnar flokkist sem hér segir: Noni safi í tnr. 2009.8025, Fjallagrasa hálsmixtúra með lakkrís í tnr. 2106.9069, Futura trönuberjamixtúra í tnr. 2009.9025 og Futura jármixtúra í tnr. 2202.9096. Þá er þess krafist að kæru vegna Samarin sé vísað frá þar sem ekki sé um að ræða ákvörðun tollstjóra sem kæránleg sé til ríkistollanefndar.

Ríkistollanefnd sendi kæranda greinargerð tollstjórans í Reykjavík til umsagnar þann 8. mars 2005 í ábyrgðarbréfi. Kæranda var veittur frestur til athugasemda til 29. mars 2005. Nefndinni hafa ekki borist andsvör frá kæranda.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Kærandi kærir niðurstöður tollflokunar á fimm vörutegundum. Tollstjóri flokkar fjórar þeirra í “Bindandi upplýsingum um tollflokun vöru” nr. 0400055, og 0400059 bæði dagsett 30. nóvember 2004. Vörurnar eru: Noni safi í tnr. 2106.9039, Fjallagrasa mixtúra í tnr. 2202.9095, Futura Jármixtúra í tnr. 2202.9096 og Futura trönuberjamixtúra í tnr. 2202.9096. Kærandi ber flokkun tollstjóra saman við lýsi, sem hann segir vera fljótandi fæðubótarefni með íbættum vítamínum en beri einungis 14% virðisaukaskatt en þessi vara beri 24% virðisaukaskatt. Þá telur kærandi að Samarin skammtaduft sem flokkað var í tnr. 2106.9069 en hefur sömu virkni og Metamucil sem einnig sé hrært út í vatn og drukkíð, en beri aðeins 14% virðisaukaskatt á meðan Samarin ber 24% virðisaukaskatt. Enginn efnislegur rökstuðningur fyrir tollflokun varanna fylgir kæru kæranda. Samarin skammtaduft er ekki tilgreint í hinum kærðu bindandi álitum tollstjóra.

Í greinargerð tollstjórans í Reykjavík frá 7. mars 2005 er farið ítarlega yfir samsetningu vörunnar og tollflokun hennar. Tollstjóri breytir flokkun á þremur vörum sem sett voru fram í hinum kærðu álitum um tollflokun vöru nr. 0400055 og 0400059, þ.e. að Noni safi flokkist í tnr. 2009.8025, Fjallagrasa hálsmixtúra með lakkrís flokkist í tnr. 2106.9069 og Futura trönuberjamixtúra flokkist í tnr. 2009.9025. Tollstjóri staðfestir flokkun á Futura jármixtúru í tnr. 2202.9096. Þá krefst tollstjóri að kæru vegna Samarin sé vísað frá þar sem ekki sé um að ræða ákvörðun tollstjóra sem kæránleg sé til ríkistollanefndar.

Ríkistollanefnd hefur farið ítarlega yfir hina breyttu tollflokun tollstjórans í Reykjavík. Á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fram um innihald og samsetningu vörunnar eru nefndarmenn sammála hinni breyttu niðurstöðu tollstjórans í Reykjavík um flokkun á þessari vöru, þ.e. að Noni safi flokkist í tnr. 2009.8025, Fjallagrasa hálsmixtúra með lakkrís flokkist í tnr. 2106.9069 og Futura trönuberjamixtúra flokkist í tnr. 2009.9025 með vísan til 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár. Þá staðfestir ríkistollanefnd tollflokun á Futura jármixtúru í tnr. 2202.9096.

Í kærinni er látið að því liggja að gjaldtaka af tilgreindum vörum ætti að vera í takt við gjaldtöku af lýsi. Þessu er til að svara að það er ekki á valdi nefndarmanna í ríkistollanefnd að samræma aðflutningsgjöld af vörum sem kærundur telja að ættu að vera í álíka gjaldflokki. Nefndarmenn vilja þó í þessu sambandi benda á að lýsi er fiskafurð og flokkast sem slík og er þar af leiðandi allt önnur vara en sú sem hér er verið að fjalla um þó hugsanleg virkni sé í einhverjum tilfellum svipuð.

Í 101. gr. laga nr. 55/1987 er tilgreint hvaða ákvörðunum innflytjandi getur skotið til ríkistollanefndar, þar segir: Innflytjandi getur skotið úrskurði tollstjóra um endurákvörðun skv. 99. gr., úrskurði tollstjóra skv. 100. gr., þó ekki úrskurði sem kæránlegur er til ráðherra skv.

102. gr., og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga, talið frá póstlagningu úrskurðar eða ákvörðunar. Það er ekki að sjá á þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina að þessi skilyrði séu til staðar varðandi efnið Samarin. Ríkistollanefnd felst því á kröfur tollstjóra hvað þessa vöru snertir og mun ekki fjalla efnislega um tollflokkun hennar.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, og til almennra reglna um túlkun tollskrár, liðar 1 og 6, úrskurðar ríkistollanefnd að Noni safi flokkist í tnr. 2009.8025, Fjallagrasa hálsmixtúra með lakkrís flokkist í tnr. 2106.9069, Futura trönuberjamixtúra flokkist í tnr. 2009.9025 en staðfestir flokkun á Futura járnmixtúru í tnr. 2202.9096. Ákvörðun sem sett var fram um tollflokkun þessara vara í Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru nr. 0400055 og 0400059 bæði dagsett 30. nóvember 2004 er felld úr gildi.